

1. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Fulltrúar eru síðan kosnir í júní ár hvert. Bæjarstjórn kýs formann bæjarráðs, en ráðið velur sér varaformann á fyrsta fundi að aflokinni skipan þess.

2. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða að minnsta kosti tveir ráðsmenn óska þess. Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum. Ráðið getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur ráðið boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Ráðsmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að ráðsmaður lætur af þeim störfum.

3. gr.

Eftirtaldar fagnefndir og stjórnir sem kjörnar eru af bæjarstjórn heyra undir bæjarráð:

Kjörstjórn við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar

Menningar- og ferðamálanefnd


Stjórn Hafnarborgar

Bæjarráð getur kosið starfsnefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra starfsnefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarráð getur einnig afturkallað umboð slíkra starfsnefnda hvenær sem er.

4. gr.

Bæjarstjóri undirbýr ráðsfundi í samráði við formann. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá að minnsta kosti einum sólarhring fyrir fund. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar bæjarráðs getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmi.

Fulltrúum í bæjarráði er skylt að sækja alla fundi ráðsins, nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað. Sé fulltrúi forfallaður um lengri tíma skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns.

| | |
|---|------------------|
|  | Hafnarfjarðarbær |
| Innk: | 13.12.2011 |
| Málsnr: | 111127 |
| Síðatal: | 022 |

Fulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af eða þegar til staðar eru aðrar ástæður sem koma fram í 3. gr. laga nr. 37/1993. Fulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarstað við meðferð og afgreiðslu þess. Ráðsmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli ráðsins á því.

Fundur telst lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur fulltrúa er mættur á fundinn. Bæjarráð getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

5 gr.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar gilda um meðferð mála í ráðinu eftir því sem við á. Formaður úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

6. gr.

Bæjarráð hefur umsjón og eftirlit með; stjórnarsýslu bæjarins, fjármálum, rekstri Hafnarfjarðarhafnar, starfsmannamálum, málum sem falla undir stjórnarsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 50/1996, málefni sem falla undir stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. eða stjórnir annarra fyrirtækja sem Hafnarfjarðarkaupstaður á aðild að. Bæjarráð fer með upplýsinga- og markaðsmál, menningarmál (sbr. lög um húsafriðun nr. 104/2001, safnalög nr. 106/2001, þjóðminjalög nr. 107/2001 og lög um almenningsbókasöfn nr. 36/1997), ferðamál og málefni miðbæjarins. Jafnframt gegnir bæjarráð hlutverki jafnréttisnefndar samkvæmt 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008.

7. gr.

Bæjarráð semur drög að fjárhagsáætlun næstkomandi árs og fjárhagsáætlun til fjögurra ára vegna A og B hluta Hafnarfjarðarbæjar, stofnana hans og fyrirtækja, að fengnum tillögum hlutaðeigandi ráða og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn.

Bæjarráð semur drög að viðaukum við fjárhagsáætlun og leggur fyrir bæjarstjórn.

Bæjarráð sér um að samdir séu ársreikningar A og B hluta Hafnarfjarðarbæjar, stofnana hans og fyrirtækja reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar.

Bæjarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

Samþykktum, reglugerðum og gjaldskráum sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra skal vísað til bæjarstjórnar.

Bæjarráð gerir tillögu til bæjarstjórnar um sérstakar samþykktir varðandi starfshætti stjórnsýslusviðs og þeirra stofnana sem reknar eru á sviðinu.

Bæjarráð gerir tillögu til bæjarstjórnar varðandi samninga viðskipta- eða fjárhagslegs eðlis sem hafa verulegt skuldbindingagildi fyrir Hafnarfjarðarbæ eða eru til lengri tíma en fjögurra ára nema ráð sé gert fyrir slíkum samningum í árlegri fjárhagsáætlun (og eftir atvikum langtímaáætlun.) Sjá nánar samþykktar reglur um samninga.

Bæjarráð veitir umsögn varðandi starfmannamál í samræmi við 91. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Bæjarráð gerir tillögu til bæjarstjórnar um lóðaúthlutanir til einstaklinga og fyrirtækja.

8. gr.

Í sumarleyfi bæjarstjórnar annast bæjarráð fullnaðarafgreiðslu þeirra mála sem berast kunna frá ráðum og nefndum. Um þetta umboð ráðsins skal bæjarstjórn gera sérstaka samþykkt hverju sinni.

9. gr

Fundargerðir bæjarráðs skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir enda sé í fundargerð ráðsins skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri fyrirætlan með tillögu til bæjarstjórnar þar að lútandi.

10. gr.

Mál er afgreitt í bæjarráði með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu ráðs, bæjarstjórnar eða bæjarstjóra. Ráðið getur vísað málum til umsagnar annarra ráða, fagnefnda eða bæjarstjóra. Ráðsmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu. Heimilt er að hafa bókanir lengri þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun og ársreikninga.

Bæjarráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er heimilt að ákveða að fela öðrum aðilum en bæjarráði afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Afgreiðslum slíkra mála má þó ætíð skjóta til bæjarráðs eða bæjarstjórnar. Bæjarráð setur nánari reglur um notkun slíkra heimilda og skulu þær staðfestar í bæjarstjórn.

11. gr.

Bæjarstjóri starfar með bæjarráði og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum þess sé hrint í framkvæmd. Hann situr fundi ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

12. gr.

Bæjarráð getur ráðið sérstakan fundarritara, utan ráðsins, til að annast ritun fundargerða í gerðabók ráðsins. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitjafundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarráð ákveði annað.


Bæjarráð getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók ráðsins númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir ráðsmenn skulu við slit fundar rita nöfn sín í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður og að minnsta kosti einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Ráðsmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

13. gr.

Erindisbréf þetta byggist á; ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og nr. 138/2011 (taka gildi 1. janúar 2012) um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Erindisbréf þetta hefur verið tekið fyrir í bæjarráði og bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 7. desember 2011 og gildir frá þeim tíma þar til annað kann að verða ákveðið.

7. desember 2011.



Guðmundur Rúnar Árnason,

bæjarstjóri

